

Siglingaklúbburinn Þytur

Stjórnarfundur 31.05. 2001

Dagskrá: Ekki auglýst fyrirfram

Fundur settur: 10:00

Mættir: Egill Kolbeinsson (EK), Gunnar Geir Halldórsson (GGH), Friðrik Hafberg (FH), Áskell Bjarni Fannberg (ÁBF), Haraldur Ágústsson (HÁ), Birna Sigþórsdóttir (BS).

1. Ungmennaskipti

EK segir að aftur séu ungmennaskipti við Frakkland á döfinni, það átti að skila svari í dag en fékk frest til morguns, spyr hvort við eigum krakka til að senda út, kosti 25.000 fyrir hvern þátttakanda, allt annað er frítt, spyr hvort við erum tilbúin að taka þátt. ÁBF: þeir eru með styrk segir að það hafi verið sagt áður að verði okkur alveg að kostnaðarlausu, hér er mesta starfsemin það lendir alltaf eitthvað á klúbbum vill hafna öllum samskiptum við Frakkland. BS heldur að Svanhvít, Svavar og Steinn séu 16 ára. ÁBF og GGH komum alltaf til með að þurfa að gera eitthvað, halda mót, fara með þá eitthvað. EK hringir í Birgi enginn kostnaður en kæmu í heimsókn, þyrfti að lána þeim báta og einhver fyrirhöfn. EK ítrekar fyrirspurnina þó kosti einhverja fyrirhöfn. FH segir að þó við sendum engan þurfum við samt að gera eitthvað, vill að það verði talað við foreldra þessara krakka og bjóða þeim þetta. HÁ spyr um tungumálavandræði. EK og GGH segja það málið, eru ekki samskipti vegna tungumálsins. GGH finnst þetta vera of seint. EK segir það vera vegna þess hve svar um styrk drógst, segir okkur hafa verið búin að ákveða að taka ekki þátt í þessu en milljón í styrk breyti miklu. FH: ef við sendum krakka þá hafa þau fengið styrk frá bænum 12.000 hvert þá tækum við hann. BS talar við foreldra þessara þriggja.

2. Sumarstarf

FH segir að til hafi staðið að ráða Arnþór Ragnarsson, hélt að væri komið í höfn, svo fór að berast tölvupóstur um laun og ýmislegt fleira og vísað í kennarasamninga. FH bauð upp á ákveðna upphæð sem væri flokksstjóra laun og x í viðbót fyrir 8 klst. vinnu á dag. AR reiknaði út tvöfalda þá upphæð. FH sagði hvað byðist AR þakkaði pent og fór. FH segir hann hafa viljað hafa námskeið f.h. sjá um að koma kvöldstarfi af stað á kvöldin, með því að leggja mönnum línurnar en æfa sjálfur, þeir rökræddu ekki útreikninga. EK spyr hvar við stöndum í dag AR sé íþróttakennari, hefur menntun og hefur ekki unnið illa, spyr hvað er hægt að gera, ekkert svar frá Írlandi, búið að afskrifa búlgarann. FH

ætlar að taka að sér, enn vantar kvöldþjálfara. EK segir okkur verða að skiptast á í húsinu, fékk e-mail frá Írlandi bjóða okkur að setja okkur á skrá hjá skóla sem kennir siglingaþjálfurum. Skráningin kostar eitthvað. EK spyr hvort við eigum að athuga hvort þeir eigi mann og hvað hann kosti, þurfum þjálfara annars verður engin framþróun. FH segir að Friðrik Örn hafi boðið sig fram en kann ekki á Laser. BS spyr um Tinna. ÁBF vill vera með í þessu írsku dæmi opnar möguleika, getum alltaf hafnað síðar. GGH segir siglingamenn ekki vera til að gera þetta. HÁ segir að fyrirvarinn verði lengri á næsta ári. Samþykkt að senda fyrirspurn út. BS hefur reiknað með að það þurfi að dekka 300 klst yfir sumarið, þjálfari og einhvern í húsið auk vinnuskólakrakka. GGH hringir í Tinna. Kemur hingað á laugardaginn, ætlar að vera með æfingu því Haffi er erlendis.

3. Enzo

GGH þeir greiði félagsgjald og siglingagjald eins og allir, veitir engum forgang í keppni. EK nefnir að þegar við eigum fleiri en 2 áhafnir geti þær hugsanlega keppt innbirgðis. FH segir þá ekki alltaf hafa staðið við sitt. Tilboðinu hafnað samhljóða.

4. Vorbréf

BS hefur endurskoðað, verður sent. BS falið að taka út að verðskrá sé á sérblaði á að vísa í heimasíðu. GGH segir að Jón Rafn hafi keypt plastvél sem réð ekki við þykkara plastið. FH talar við hann.

5. Heimasíða

HÁ hitti þann sem vinnur að síðunni um síðustu helgi. FH segir að það þurfi ekki að klára þetta en koma af stað. GGH segir að það þurfi að drífa í að færa og hægt sé að setja gömlu síðuna inn. HÁ segir kerfið ekki tilbúið. ÁBF spyr hvort er búið að flytja þetta yfir. HÁ nefnir að nota disk GGH

6. Hæfir hásetar

EK segir að námskeiðið hafi gengið frekar hægt, námskeið hjá Benna kostar 27.000 við með 17.000, spyr hvort þurfi að færa upp til samræmis. HÁ finnst erfitt að undirbjóða. ÁBF finnst sjálfsagt að fara í Sæbjörgu. EK segir að við þurfum að ráða mann í þetta, heldur að við klárum þetta ekki að neinu viti. FH spyr hvort hann er með kandidat í þetta. EK klárar þetta námskeið á laugardag, segir að það þurfi fastari dagskrá og ákveðna daga. Benni er með þetta alla daga vikunnar frá 6-10 klárar 32 klst á 2 vikum. EK segir að við getum fyllt annað námskeið strax. EK hefur dottið Friðrik Örn í þetta segir þurfa mann í þetta koma í fastari skorður ef þetta verður auglýst koma menn. HÁ segir að ákveðin upphæð hafi verið nefnd. FH vill ekki hugsa þetta á 5 mínútum og þurfa svo að breyta síðar. Ákveðið að fresta til næsta fundar. GGH heldur að það þurfi 2 menn til að kenna þetta. EK segir að Benni sé bara einn, en það þurfi að hafa mótör í bátum.

7. Björgunarbátur

GGH segir að fari ekki í gang, það hafi ekkert með skrúfunu að gera. EK segir að erfiði meira með þessari skrúfu vill ekki kalla til viðgerðarmann fyrir en það er búið að skipta um ef hann gæti kennt skrúfunni um. ÁBF segir hann krítískan með að starta. GGH segir að yfirfyllist strax. ÁBF heldur að sé klaufaskapur, hann skiptir um skrúfu og EK kallar til viðgerðarmann.

8. Keppnisáhafnir

Framhald frá síðasta fundi: ef keppnisáhafnir eru fleiri en bátarnir. HÁ finnst erfitt að draga. ÁBF segir að ef hann vill sigla vilji hann ákveða hverjir sigli með. Málið snýst um ef áhafnir eru fleiri en bátarnir. Nefnt að 3 skipstjórar velji með sér áhöfn haldin verði keppni og sú áhöfn sem vinnur keppi. GGH sér ekki vandamálið. FH nefnir ef t.d. Friðrik Örn komi þá eru komnir 3 skipstjórar. GGH segir þetta líka vera vinnu á veturna í bátunum, svo aðrir sem bara koma og keppa. EK segir hugsanlegt að koma upp einhverju punktakerfi, ákveða forsendurnar. GGH segir ef mikil fjölgun verði þurfi að fjölga bátunum, ef menn skrái sig í klúbbinn bara til að yfirtaka bátana. Ef Enzo kemur þá er búið að segja þeim að þeir þurfi bara að greiða félags- og siglingagjald. GGH segir að ef eru mjög margir er hægt að hækka siglingagjaldið. ÁBF segir okkur þá einangra klúbbinn, gjöld þurfi að vera innan marka, fólk verði að geta notið siglinganna ánægjunnar vegna nefnir að hafa siglinga- og keppnisgjöld. Ákveðið að hugsa þetta fram að næsta fundi.

9, Laugardagsfundur

Birgir Ari og Páll ætla að koma á fund á laugardag, fjalla um Spánarferð, æfingar og önnur mál. EK bað um fundinn Hafsteinn ráðinn af SÍL, en er ekki á launum en æfingar áttu að vera alfarið klúbbsins. GGH segir hann hafi sagt að ætti að æfa sjálfan sig.

10. Bryggjupláss, fjaran, hafnaryfirvöld

ÁBF búið að færa Þernu yfir á óboðlegan stað vegna þara, segir klúbbinn hafa átt að fá 6 pláss vill vita af hverju við höfum ekki fengið. EK hefur oftast en einu sinni farið fram á að fá það sem við áttum að fá, fór síðast 16 maí til að fá þessi pláss og fá kannt lagaðan, harpað efni sem skolast síður burtu, það var komið með bíl í fjöruna, menn frá slippnum hótuðu lögreglu og að loka tækin af í fjörunni. BS hitti bryggjuvörð sem var mjög full yfir að við værum í röngu pláss. ÁBF: hve mörg plássin eigi að vera 2 að innan og 2 að utan. GGH heldur að það sé almenningur en ÁBF heldur ekki hann vill fara í hart með þetta. GGH vill láta heyra í okkur, hitti Gylfa sem heldur að mölin fari strax, en fékk í gegn að kanturinn yrði lagaður, bað um hlass fyrir framan. EK vill tala við formann hafnarstjórnar. GGH vill að hafnarstjóra verði sent bréf, ef stjórn hafnarinnar ákveður að fylla í fjöruna þá bara geri hún það. EK ætlar að tala aftur við þá í slippnum. HÁ segir þá hrædda um að efnið renni til fyrir framan brautina.

11. Mengun

ÁBF las frétt um mengun í Arnarnesvogi vill láta taka sýni og senda hollustueftirlit, hefur áhyggjur sem foreldri barns sem fékk bráðaofnæmi, eftir að hafa verið úti á sjó, sem ekki var hægt að skýra, í Arnarnesvogi hafi fundist baneitruð efni sem ekki má róta upp, fram kom í fréttinni að hugsanlega væri jafn mikil mengun hér og á Akureyri. HÁ segir botnmálingu hafa verið baneitraða. ÁBF vill ekki senda börnin út í þetta. EK segir að niðurstaða gæti orðið hræðilega, það gæti þurft að flytja klúbbinn ef þannig væri: spurning hvað við gerum þá til að halda áfram starfsemi eða leggja klúbbinn niður. HÁ og ÁBF segja að þá þurfi að loka. FH vill láta rannsaka þetta. BS vill fresta til næsta fundar, finnst mjög alvarlegt segir sína skoðun að svona þurfi að vinna vel og fara varlega vegna framtíðarinnar. FH spyr hana hvort hún vilji hefja sumarstarf, BS segist vilja kanna þetta vel áður. FH segir enga aðra senda börnin í höfnina, vill ekki vera hér í sumar vitandi þetta og fá svo í hausinn síðar. BS segir að þá verði engin starfsemi. FH heldur að leysist ef er steipt yfir, þá leysast rampmálin, ÁBF segir það einu leiðina til að hefta þetta, setja lag ofan á segir þetta grafalvarlegt. EK hringir í Hollustuverndina

12. Vörulisti

GGH fékk danskan vörulista hjá Danna, hann og FH hafa farið lauslega yfir og listað upp ýmis verð. EK les upp lista segir þetta allt vera það sem við þurfum að eiga, finnst flöggin vera of lítil eru 30x45 cm. GGH segir nýttast vel í kennslu og Laser keppnum, flöggin eru 40 og kosta 14.000 ísl kr. EK segir að kosti 1500-2000 kr. Stykkið í London. FH segir þessa stærð nýttast okkur hér. EK með blað með þeim flöggum sem eru notuð eru 22. GGH vill kenna öll flöggin, sumum er flaggað í landi. EK segir að með svona litlum flöggum þurfum við að eiga tvöfalt. FH segir okkur geta fengið þau lánuð hjá SÍL. HÁ heldur að þau séu ekki stærri í togurunum. EK vill flögg sem eru 60x90 cm. FH spyr hvort það eru reglur um stærð það veit enginn. EK segir stór kosta 2000 vill kaupa það líka. EK segir ekki spurningu um spottarúllur. Möstur á Optimist, segir okkur eiga gömul sem hægt er að nota. 4 sett að Gold raising möstrum kosta 83.000 EK vill frekar fjárfesta í þeim. Radial segl og mastursfætur kosta 80.000, GGH segir að það hafi verið talað um radíalsegl og allir hafi verið sammála um að kaupa varahlutasett. Stýri kostar 26.550, framlenging 10.000 og kjölur 24.000 er 60.000 samtals. Þannig er heildarkostnaður 130.000. GGH segist hafa lagt til að kaupa Laser, sem er bæði með radial og stórsegl. Værum að fá það sama en fengjum auka skrokk, veit ekki hvort hann er enn til. EK segir þetta vera spurningu um hvað við eigum að borga mikið niður af skuldum hefur verið talað um helming. FH spyr um upphæð rekstarstyrksins.. EK segir Ingvar hafa talað um milljón í viðbót hann hringir í Ingvar, segir þetta vera spurningu um hvað við getum staðið undir í framtíðinni erum að eyða af byggingastyrknum. GGH segir tímann nauman, hann tók að sér að kanna er kominn með þetta hefur lagt til að bátur verði keyptur fá þannig meira fyrir minni pening.

13 Sjómannadagurinn

BS vill að það verði skipulagt. GGH minntist á fyrir mörgum mánuðum. Rætt um að þyrlan bjargi manni úr siglandi skútu, EK vill að GGH sigli skútunni. ÁBF finnur franskan bækling heldur að það eigi að setja niður öll segl, þetta rætt fram og aftur. Þyt er getið í dagskránni, opið hús frá kl. 13. GGH segir spurningu um að ræsa

optimisakrakka, aldrei fyrr hefur verið talað við okkur þurfi að gera allt snyrtilegt hér, bátar sem sigla fá ákveðið pláss og samstarf við björgunarsveitirnar. Við verðum hluti af dagsskránni.

Fleira ekki gert og fundi slitið 22:49

Birna Sigþórsdóttir (sign)